

Ísafjarðarbær, Skipulags- og mannvirkjanefnd  
Kristján Svan Kristjánsson, Byggingarfulltrúi

### Efni: Ósk um leyfi til flutnings á sjálfvirkri veðurstöð á Ísafirði


Vegna breyttra aðstæðna við sjálfvirkra veðurstöð á Ísafirði óskar Veðurstofa Íslands eftir leyfi til flutnings stöðvarinnar. Án þess að það sé rakið í ítarlegu máli þá hafa aðstæður breyst til verri vegar á undanförunum árum og verulega er farið að þrengja að við núverandi staðsetningu, sem merkt er inn á meðfylgjandi mynd með rauðri stjörnu (eyrin við Úlfsá). Athugun á mögulegum staðsetningum í næsta nágrenni hafa verið skoðaðar og þá með það í huga að ekki verði miklar breytingar á veðurlagi. Þó staðsetning annars staðar á eyrinni kæmi til greina þykir vænlegra, og þá til lengri tíma lítið, að flytja stöðina frá mögulegu athafnasvæði á eyrinni og inn í land. Staðsetning nálægt þeim stað sem merktur er með bláum krossi (á skilgreindu útivistarsvæði í Tungudal, inni á gólfvelli) þykir þar vænlegust. Þar er fátt sem hefur truflandi áhrif á mælingar og staðsetningin mundi uppfylla hæstu kröfur sem gerðar eru til mælinga á einstökum veðurþáttum.



Sjálfvirk veðurstöð samanstendur af 10 metra háu mastri til vindmælinga en það er jafnframt nýtt fyrir hita- og rakamæla. Úrkomumælingar eru hins vegar gerðar með frístandandi 1,5 metra háum mæli í nokkurra metra fjarlægð frá mastrinu. Fyrirhuguð staðsetning verður endanlega ákveðin í samráði við umsjónarmenn gólfvallarins og við það miðað að hún hafi sem minnst áhrif fyrirhugaða uppbyggingu hans.

Veðurstofa Íslands óskar eftir formlegu leyfi fyrir því að fá að staðsetja veðurstöðina á þessum stað.

Virðingarfyllst,



Óðinn Þórarinnsson  
Rekstrarstjóri mælikerfa